

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

mar@mar.is



Reykjavík 4. júní 2024

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um umsókn um leyfi til veiða á langreyðum.

Samtökum ferðapjónustunnar – barst, umsagnarbeiðni um umsókn um leyfi til veiða á langreyðum á grundvelli 1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, 28. maí sl. frá matvælaráðuneytinu. Samtökin telja ekki rétt að þau leggi sjálfstætt mat á hvort umsækjandi um leyfi til veiða á langreyðum uppfylli lagaskilyrði. Það er verk stjórnvalda. Samtökin geta hins vegar komið þeim sjónarmiðum sem samtökin hafa áður bent á hvað varðar hvalveiðar Íslendinga og áhrif þess á íslenska ferðapjónustu.

Neikvæð umfjöllun í erlendum miðlum

Hvalveiðar hafa í gegnum tíðina skapað mikla gagnrýni í okkar helstu viðskiptalöndum. Hvalaskoðun er ein af þeim greinum ferðapjónustunnar sem hefur að geyma fjölmörg störf og skapar virðisauka fyrir íslenskt þjóðarþú. Ferðapjónustan hefur ítrekað bent á síðustu ár að hvalveiðar hafi neikvæð áhrif á orðspor Íslands sem áfangastaðar ferðamanna. Óumdeilt er að hvalveiðar hafa stuðlað að mjög neikvæðri umfjöllun um Ísland í mörgum af stærstu og áhrifamestu fjölmiðlum á mikilvægustu markaðssvæðum íslenskrar ferðapjónustu undanfarinn áratug. Engin ástæða er til að ætla að því verði ekki eins hátt að verði hvalveiðum haldið áfram. Erfitt er að meta beint tjón sem slík neikvæð umfjöllun veldur, en þó er vel þekkt lögmál að orðsporsvandi vinnur beint gegn árangri af markaðsstarfi. Þá er einnig ljóst að ferðamenn líta til fjölmargra þátta við ákvörðun um áfangastað og að á helstu markaðssvæðum Íslands í Norður-Ameríku og Mið-Evrópu er viðhorf fólks til hvalveiða almennt fremur neikvætt.

Í riti Matvælaráðuneytisins, *Efnahagsleg áhrif hvalveiða*, er sérstakur kafli um áhrif hvalveiða á ferðapjónustuna. Í þeim kafla (bls. 15) er vísað í könnun sem ParX lét framkvæma árið 2007 um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ímynd Íslands og íslenska ferðapjónustu:

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var viðhorf fólk til hvalveiða alla jafna neikvætt en á sama tíma hafði viðhorf til hvalveiða mjög veika fylgni við líkur á að ferðast til Íslands í nánustu framtíð. Þegar spurt var um afstöðu fólks í markhópnum töldu um 32,9% aðspurðra að hvalveiðar í atvinnuskyni myndu minnka nokkuð eða umtalsvert líkur á að þeir myndu sækja Ísland heim. Þá leiddi rannsóknin í ljós að meiri andstaða var við hvalveiðar hjá þeim sem alla jafna höfðu meiri menntun en minni.

Vert er að minna á að hér er um sautján ára gamla rannsókn að ræða, sem er bæði frá því fyrir tilkomu ferðapjónustu sem höfuðútflutningsgreinar Íslands, sem og fyrir tilkomu samfélagsmiðla sem leitt hefur til mun víðtækari dreifingar alls kyns fréttaflutnings og til þess að ferðamenn líta í stærri mæli til jafningja. Bráðnauðsynlegt er að gera nýja könnun á þessu efni, en gagnaöflun um áhrif hvalveiða á ferðapjónustu, sem leitt gætu í ljós hve víðtæk hin neikvæðu áhrif eru í raun, er verulega ábótavant.

Neikvæð umfjöllun í erlendum stórmiðlum hefur áhrif á orðspor áfangastaðarins

Það er óumdeilt í ferðapjónustu, ekki bara á Íslandi heldur um heim allan, að öll neikvæð umfjöllun um áfangastaðinn Ísland hefur áhrif á landið og þá ímynd sem landið hefur erlendis. Ekki þarf að leita lengra en til neikvæðrar umfjöllunar um eldgos á Reykjanesi síðustu mánuði til að finna dæmi þess hve mikil áhrif neikvæð umfjöllun í stærstu fjölmiðlum heims getur haft, og hve erfitt er að leiðrétta hana þegar hún hefur komist á flug.

Hvalveiðar ganga í berhögg við þá ímynd sem stjórnvöld og íslenskir ferðapjónustuaðilar hafa byggt upp síðustu áratugi um áfangastaðinn Ísland sem land hreinnar, ósnortnar náttúru og sjálfbærrar ferðajónustu, en nær allir ferðamenn koma til landsins vegna áhuga á íslenskri náttúru og náttúruupplifunum. Þá hafa ferðapjónustuaðilar bent á að hvalveiðar samræmist ekki þeirri ímynd og samtökin benda stjórnvöldum á að mikilvægur hluti þess að tryggja verðmætasköpun ferðapjónustu fyrir samfélagið er að halda vel utan um þá ímynd og upplifun af áfangastaðnum sem þau sjálf hafa lagt áherslu á að skapa, og staðfest er með metnaðarfullri ferðamálastefnu stjórnvalda til 2030 sem nú liggur fyrir Alþingi.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri